

# Hvað eru musteri?

Musterið er hús Guðs. Sérhvert musteri er sérstök bygging þar sem við tilbiðjum himneskan föður og Jesú Krist.



Í musterinu, biðst fólk fyrir og gerir sáttmála við himneskan föður eða gefur honum heilög loforð. Við hjálpum þeim sem hafa látist að fá möguleikann á sömu blessunum.



Musteri eru líka staðir þar sem fjölskyldumeðlimir geta verið innsiglaðir hver öðrum að eilífu.



Þið getið líka farið inn þegar þið verðið eldri!



Í musterinu getum við skynjað kærleika Guðs.